

Fundargerð

Bogfimisamband Íslands BFSÍ

Dagsetning: **14.07.2021 Kl. 21:00**

Fundinn sátu: **Albert Ólafsson, Astrid Daxböck, Ásdís Lilja Hafþórsdóttir, Guðmundur Örn Guðjónsson. Haraldur Gústafsson sat fundinn með fjarfundabúnað.**

Fundargerð ritaði: **Guðmundur Örn Guðjónsson**

Á fundinum voru tekin upp eftirfarandi mál:

1. Staða verkefna af fyrri fundum.

1.1. Öllum verkefnum lokið.

2. Breytingar á reglugerð um Íslensk mót

Lögð fyrir breytt reglugerð um Íslensk mót sem fylgdi fundarboði. Helstu breytingar eru vegna upptöku mótakerfis BFSÍ (mot.bogfimi.is) og breytingar á orðalagi tengt því. Öðru sem bætt var við er: Framkvæmdastjóra gefin heimild í reglugerðinni til undanþágu frá dagafjölda á auglýsingu móta breytt úr 20 í 10 daga m.a. til að koma á móts við aðstæður tengdar kórónuveirufaraldri. Bætt við „Íþróttastjóri BFSÍ ákvarðar staðsetningu og dagsetningu móta BFSÍ“ til þess að samræmi sé á milli afreksstefnu og reglugerða BFSÍ og það sé skýrt. Í stað þess að greitt sé fast gjald fyrir metahæf mót á Íslandi, eins og áður, tekur BFSÍ 10% hlut af þátttökugjöldum Íslands-, Evrópu- og heimsmetahæfra móta. Þessi breyting mun auðvelda sérstaklega minni félögum að halda metahæf mót þar sem þau þurfa þá aðeins að greiða gjöld til BFSÍ í hlutfalli við tekjur sem þau hafa af mótahaldinu en ekki fast gjald. Gjaldkeri ber fram áhyggjur um hve auðvelt verði að framfylgja 10% hlutdeildar reglunni, skoða verði að breyta þessari reglu aftur ef vandkvæði koma upp tengt því. Rætt um mögulega viðbætur á skráningarkerfi við mótakerfi BFSÍ fyrir Íslensk mót, íþróttastjóra falið að rannsaka möguleika á gerð slíkrar viðbótar.

2.1. Ákvörðun: Samþykkt einróma.

2.2. Framkvæmdastjóri sér um að uppfæra reglugerðina á vefsíðu BFSÍ.

3. Breytingar á reglugerð um Íslandsmet (fylgdi fundarboði)

Lögð fyrir breytt reglugerð um Íslandsmet sem fylgdi fundarboði. Helstu breytingar eru vegna innkomu mótakerfis BFSÍ, breytingar á orðalagi og viðbætur við reglugerðina tengt því. Framkvæmdastjóra falið að sjá um að staðfesta tilkynningar um Íslensk met og uppfæra Íslandsmetaskrá (var áður formaður BFSÍ). Formanni BFSÍ gefin heimild til þess að bæta við Íslandsmetum fyrir önnur form af viðburðum sem skilgreind eru heimsmet fyrir, ef slíkar keppnir eru haldnar reglubundið á Íslandi.

3.1. Ákvörðun: Samþykkt einróma.

3.2. Framkvæmdastjóri sér um að uppfæra reglugerðina á vefsíðu BFSÍ.

4. Hækkun starfshlutfalls íþróttastjóra í 50% starfshlutfall

Guðmundur íþróttastjóri vék af fundi við umræður og atkvæðagreiðslu um þennan dagskrárlið.

Lagt fyrir stjórn að hækka starfshlutfall íþróttastjóra í 50%. Upprunalega var áætlað að gera þessa

breytingu á árinu 2020 en þar sem öllum alþjóðlegum mótum var aflýst vegna kórónuveirufaraldursins ákvað stjórn að ráða íþróttastjóra í lægra starfshlutfall á þeim tíma. Þessi hækkun á starfshlutfalli er því í samræmi við fyrri áætlanir og við aðgerðaáætlun afreksstarfs BFSÍ og heildarstefnu BFSÍ sem að lögð voru fyrir Bogfimiþing 2021.

4.1. Ákvörðun: Samþykkt einróma

4.2. Hækkun starfshlutfalls taki gildi fyrir júlí mánuð.

4.3. Ákvörðun: Samþykkt einróma

4.4. Gjaldkeri tekur að sér viðeigandi breytingar.

4.5. Guðmundur kallaður til baka inn á fundinn eftir að mál var afgreitt

5. Almenn umræða og önnur mál

5.1. Gjaldkeri kynnti fyrir stjórn uppgjör BFSÍ í lok annars ársfjórðungs og umræður um uppgjörið.

5.2. Umræða um stöðuskýrslu afreksstarfs fyrstu 6 mánuði ársins sem íþróttastjóri kynnti stjórn.

5.3. Umræða um mótahaldsþjónustu fyrir aðildarfélög og tilrauna mót sem haldin verða 2021 með því fyrirkomulagi.

5.4. Umræða um mótakerfi BFSÍ (mot.bogfimi.is), áður en fyrsta útgáfa mótakerfisins er birt.

5.5. Umræða um næstu verkefni stjórnar.

Fundi slitið kl. **22:00**